

AUGLÝSING

14

29. jan.

um veitingu sérleyfa til áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, hefur samgöngumálaráðuneytið í dag veitt eftirtöldum flugfélögum sérleyfi til áætlunarflugs, fyrst um sinn, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til 31. janúar 1953, á eftirgreindum flugleiðum:

Flugfélag Íslands h/f:

1. Reykjavík — Akureyri.
2. Akureyri — Siglufjörður.
3. Akureyri — Norður- og Austurland.
4. Reykjavík — Kópasker.
5. Reykjavík — Austurland.
6. Reykjavík — Kirkjubæjarklaustur.
7. Reykjavík — Fagurhólsmýri.
8. Reykjavík — Hornafjörður.
9. Reykjavík — Blönduós — Sauðárkrúkur, 1.—18. hvers mánaðar, er telur 31. dag, 1.—17., er mánuður telur 30 daga og 1.—16. í febrúarmánuði.

Loftleiðir h/f:

1. Reykjavík — Sandur.
2. Reykjavík — Hólmavík.
3. Reykjavík — Ísafjörður.
4. Reykjavík — Vestfirðir (Vestfjarðaskaginn).
5. Vestfirðir — millifjarðaflug.
6. Reykjavík — Siglufjörður.
7. Reykjavík — Vestmannaeyjar (Hella).
8. Reykjavík — Blönduós — Sauðárkrúkur, 19.—31. hvers mánaðar, er telur 31. dag, 18.—30., er mánuður telur 30 daga og 17.—28. (29) í febrúarmánuði.

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda þar uppi áætlunarferðum eftir því, sem flutningaþörf þeirra krefur.

Samgöngumálaráðuneytið, 29. janúar 1952.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

15

6. febr.

um breytingu á gjaldskrá héraðslækna.

Frá og með 1. marz þ. á. og þangað til öðruvísi verður ákveðið hækka allir liðir gjaldskrár héraðslækna (sbr. auglýsingar ráðuneytisins nr. 2 11. janúar 1933 og nr. 30 1. marz 1943), um 50%.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 6. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.